

Námskeið á vegum Kompass í ágúst 2016

- Öll námskeiðin verða haldin í Lindaskóla.
- Á byrjendanámskeið 16. ágúst senda skólar alla nýja kennara sem ekki störfuðu við grunnskóla í Kópavogi á skólaárinu 2015-16. Skólastjórar gefi vinsamlegast upp heildarfjölda sem allra fyrst.
- Á önnur námskeið er heildarfjöldi 50 kennarar og mikilvægt að nýta sætafjöldann til fulls. Til viðmiðunar er hér tafla sem deilir sætum á skóla miðað við kennarafjölda. Hver skóli getur þá sent þann fjölda kennara sem fram kemur á töflunni á hvert hinna þriggja námskeiða (*Stafræn sagnalist*, *Kennarinn sem gerandi* og *iPad í stærðfræði*). Skólastjórar gefi vinsamlegast upp óskir um fjölda sæta á miðvikudegi og fimmtudegi og um hvort námskeiðið er að ræða.

Álfhólsskóli	8 kennarar á hvert námskeið
Hörðuvallaskóli	7 kennarar á hvert námskeið
Kársnesskóli	5 kennarar á hvert námskeið
Kópavogsskóli	4 kennarar á hvert námskeið
Lindaskóli	5 kennarar á hvert námskeið
Salaskóli	6 kennarar á hvert námskeið
Smáraskóli	4 kennarar á hvert námskeið
Snælandsskóli	5 kennarar á hvert námskeið
Vatnsendaskóli	6 kennarar á hvert námskeið

Námskeiðslýsingar

Grunnnámskeið fyrir nýja kennara

Þriðjudagur 16. ágúst kl. 9-16

Hámarksfjöldi þátttakenda: 50 (2 hópar og 25 í hvorum hópi)

Námskeiðslýsing:

1. hluti – grunnur: Farið er yfir helstu virkni spjaldtölvunnar og þá kennslufræðilegu möguleika sem hún býður. Aðalmarkmið er að þátttakendur öðlist sjálfstraust til að nota tækið.

- Helstu stillingar og notkun spjaldtölvunnar
- Að nota vafra
- Að sækja og deila myndefni
- Ritvinnsla
- Kennslufræðilegar hugmyndir og verkefni

2. hluti – miðlun: Miðlun krefst ákveðinnar þekkingar bæði nemenda og kennara. Hér er byggt á þeim grunni sem lagður var í fyrri hluta námskeiðs en áhersla færir frá því að vera „neytandi“ spjaldtölvunnar yfir í að vera „notandi“ sem getur nýtt tækið til að búa til efni. Markmið er að

Þátttakendur öðlist færni í hljóð- og myndvinnslu og komi auga á möguleika til að nýta þessa þætti í kennslu. Sjónum er beint að því hvernig virkja megi nemendur og einnig er fjallað um vendinám.

- Kvikmyndagerð – upptökur, klipping og deiling
- Hreyfimyndir (animation)
- Að búa til rafbækur fyrir iPad
- Samvinna og deiling þekkingar
- Kennslufræðilegar hugmyndir og verkefni

Stafræn sagnalist

miðvikudagur 17. ágúst eða fimmtudagur 18. ágúst kl. 9-16

Hámarksfjöldi þátttakenda: 25 hvorn dag

Námskeiðslýsing:

Kvikmyndagerð snýst um annað og meira en að ná tökum á tækninni. Hún krefst kunnáttu og skilnings á því hvernig boðskapnum er komið á framfæri á markvissan hátt – myndbygging, sjónarhorn, hljóðheimur og klippihraði leggja sitt af mörkum til að upplifun áhorfandans verði eins og til er ætlast. Á þessu námskeiði öðlast þátttakendur færni sem gerir þeim kleift að gera auknar kröfur til nemenda, sem og að gera verkefnislýsingar skýrari fyrir nemendur. Einnig er bent á leiðir til að meta verk nemenda. Þátttakendur vinna einföld verkefni sem efla tjáningarfærni og kveikja kennsluhugmyndir.

- Myndræn frásagnarlist
- Klipping
- Tungutak kvikmyndagerðarinnar
- Kennsluhugmyndir

Kennarinn sem gerandi

miðvikudagur 17. ágúst eða fimmtudagur 18. ágúst kl. 9-16

Hámarksfjöldi þátttakenda: 25 hvorn dag

Námskeiðslýsing:

Ekki er alltaf einfalt mál að innleiða tækni í kennslu svo það geri hana merkingarbærari og árangursríkari. Hvernig tryggjum við að tæknin bæti nám nemenda á annan hátt en bara þann að gera það skemmtilegra? Hvernig notum við tæknina til að tengja við þau námsmarkmið sem fyrir eru? Markmið þessa námskeiðs er að kennarar geti svarað ofangreindum spurningum. Kennslufræðileg umræða og verklegar æfingar nýtast kennurum við gerð kennsluefnis sem þeir geta strax byrjað að nota í sínum bekk eða sinni námsgrein. Mikil áhersla er einnig lögð á samvinnu kennara og deilingu þeirra á þekkingu sín á milli.

- Kennslufræðilegur grunnur
- „Innrömmun“ (scaffolding) námsverkefna
- Tenging spjaldtölvuverkefna við fyrirliggjandi kennsluáætlanir
- Námsefnisgerð

iPad í stærðfræði

föstudagur 19. ágúst kl. 9-12

Hámarksfjöldi þátttakenda: 50 (2 hópar og 25 í hvorum hópi)

Námskeiðslýsing:

Stærðfræði hjálpar okkur að leysa úr verkefnum sem snerta daglegt líf og því ættu verkefni nemenda í stærðfræði að nýta sér þá tækni sem þeim er aðgengileg. Á þessu námskeiði kynnst þátttakendur stafrænu kennsluefni og spreyta sig á gerð námsverkefna sem mæta kröfum nýrrar aðalnámskrár. Einnig skoða þátttakendur mikið úrval hjálpartækja fyrir nemendur og kennara og deila hugmyndum sínum. Bent er á öpp og forrit sem glæða námsáhuga nemenda og efla sköpunarkraft þeirra í stærðfræðinámi.